

**FRAMTÍÐARNEFND KEFLAVÍKUR**  
**2014 - 2024**



**FRAMTÍÐARNEFND KEFLAVÍKUR**  
**2014 - 2024**

**Inngangur:**

**Framtíðarnefnd Keflavíkur fyrir tímabilið 2014 – 2024**

Skúli Þorbergur Skúlason formaður  
Einar Haraldsson frá aðalstjórn  
Sigurvin Guðfinnsson frá aðalstjórn  
Þórður Magni Kjartansson frá aðalstjórn

Varamenn:

Kári Gunnlaugsson frá aðalstjórn  
Birgir Ingibergsson frá aðalstjórn

Nefndin hélt 7 fundi á tímabilinu október 2013 til febrúar 2014 þar af tvo með forsvarsmönnum deilda. Til skrafs og ráðagerða mættu hjá nefndinni frá Reykjanesbæ Stefán Bjarkason framkvæmdastjóri Íþróttá- og tómsundasviðs og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs. Nefndin vill þakka þessum aðilum fyrir ráðgjöf og upplýsingar sem hafa verið nefndinni ómetanlegar í störfum sínum. Einar Haraldsson framkvæmdastjóri safnaði upplýsingum frá deildum félagsins.

Nefndin yfirfór árangur síðustu skýrslu og hafði til samanburðar. Ljóst er að sú vinna sem félagið og deildir leggja í framtíðaráætlun er gott veganesti og skerpir á forgangi og áherslum í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Það er líka dýrmætt að deildir félagsins sannmælist um ákveðna forgangsröðun sem auðveldar gott og árangurrikt samstarf við Reykjanesbæ.

Einhver vonbrigði eru hjá deildum sem telja að þeim hafi verið lofað betri aðstöðu en svo þurft að sætta sig við það næst besta, þar má nefna fimleikadeildina sem dæmi. Nýjar deildir bardagaíþróttá hafa verið vaxandi og eru farnar að banka á um betri aðstöðu. Skotdeild vantar inniaðstöðu til að iðka loftgreinar.

Umræður á fundum nefndarinnar voru fjölbreyttar og talsverð umræða um innri mál hreyfingarinnar og mikilvægi þess að styrkja undirstöður í rekstri félagsins. Áherslan í innra starfi er ætíð að styrkja þurfi frekar tekjupósta hreyfingarinnar t.d. með frekari rekstrarsamningum um mannvirki og aðstöðu félagsins. Nefndinni þykir enn líklegt að samstarf íþróttafélaga muni aukast.

## Forgangsröðun verkefna svo Keflavík megi vaxa og dafna og vera leiðandi Íþróttasvæði og ungmennafélag á landsvísu.

### Aðalstjórn

- Keflavík leggur áfram höfuðáherslu á að íþróttasvæðið við Sunnubraut verði aðal félagssvæði Keflavíkur. Þar slái hjarta félagsins.
- Innri mál íþróttahreyfingarinnar þurfa að vera í forgrunni næstu ára. Þannig er það forgangsmál að Keflavík og Reykjanesbær setjist niður og finni leiðir til þess að styrkja stjórnunarþátt hreyfingarinnar.
- Keflavík leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að félagið og stjórnendur Reykjanesbæjar hverju sinni vinni sameiginlega að velferð og uppbyggingu félagsins.

### Fimleikadeild

- Nýtt loftræstikerfi.
- Nýtt fimleikahús.

Þrátt fyrir að fimleikadeildin sé nýlega flutt í nýtt húsnæði þá er það ekki hannað með fimleikadeildun í huga. Loftræstikerfið hentar ekki þar sem útblásturskerfið feikir magnesíum um allt hús. Ekki er pláss fyrir hóp fimleikagólfið sem deildin á, en þarf að nota. Áhorfendastæði bjóða ekki uppá að hægt sé að halda fjölmenn mót sem væru deildinni tekjulind ásamt því að vera góð kynning á fimleikum. Fimleikadeildin óskar eftir að fá nýtt húsnæði eins og lofað var 2007 og 2008.

### Skotdeild

- Inniaðstaða

Mikill uppgangur er í skotdeildinni.

Skotdeildin er að stækka ríffilhúsið og er það kostnaðarsamt.

Vantar inniaðstöðu fyrir skotfimi sem fyrst (skammbyssur og 22 cal ríffla).

Hafa í huga þegar nýtt mannvirki er byggt að gera ráð fyrir inniaðstöðu fyrir skotfimi.

Starfrækt er unglíngastarf innan deildarinnar.

Deildin óskar eftir styrktarsamningi við Reykjanesbæ til fögurra ára.

### Körfuknattleiksdeild Keflavíkur

- Betri lyftingar- og líkamsræktaraðstöðu í íþróttahúsið við Sunnubraut eða nærliggjandi svæði s.s. í Sundmiðstöð
- Fjölga bekkjum niðri
- Setja útdraganlega bekki uppi.

### Sunddeild

Aðstaða til iðkunar á sundíþróttinni er til fyrirmyndar og er góð til næstu tíu ára.

Nýtt tækniherbergi við norðurenda laugar.

### Badmintondeild

Þarf að fara í átak við að efla þessa íþróttagrein. Aðstaða er fyrir hendi en nauðsynlegt er að fjölga iðkendum.

### Taekwondódeild

- Nýtt keppnis- og æfingarhúsnæði

Mikill vöxtur hefur verið í taekwondódeildinni. Deildin hefur verið á hrakhólum með æfinga- og keppnisaðstöðu. Deildin er nú með aðstöðu á Iðavöllum. Deildina bráðvantar nýtt húsnæði.

### Blakdeild

- Fleiri velli

Blakdeild er ný deild innan félagsins og þar hugsa menn stórt og horfa til framtíðar. Þurfa fleiri velli í einum sal eða stærra íþróttahús með fleiri völlum sem hægt er að nota fyrir æfingar og mót.

### Knattspyrnudeild

- Æfingasvæði við Reykjaneshöll
- Bygging geymslu- og tækjahúss við aðalvöllinn við Hringbraut
- Sjö manna grasvöll á malarvallarsvæðið
- Stúkubygging

### Æfingasvæði við Reykjaneshöll

Nauðsynlegt að gera búningsklefa og starfsaðstöðu á svæðinu. Einnig ljúka við að tyrfa svæðið skv. upphaflegum áætlunum. (þriðja flekann). Aðstaða fyrir foreldra og áhorfendur vegna yngri flokka er engin og það þarf að laga. Þá þyrfti að girða svæðið af vegna öryggis- og til að vernda mannvirkid. Áhaldageymsla þarf að vera við völlinn.

Í skipulagi væri heppilegt að gera ráð fyrir Gervigrasvelli með flóðlýsingu aftan við Reykjaneshöll.

### Aðalvöllur Sunnubraut

Byggja þarf geymslu og tækjahús við vesturenda vallarins og nýta þak geymslunnar fyrir bílastæði, en skortur er á bifreiðastæðum við Sunnubraut. Þessi framkvæmd mundi líka breyta ásýndinni og gera völlinn að meiri gryfju. Skipta þarf út girðingum við Hringbraut og Faxabraut og bæta aðstöðu vegna sjónvarpsupptöku.

### Stúkubygging við aðalvöll

Ný stúkubygging. Allt mælir með að stúka verði staðsett á sama stað og núverandi stúka, áhorfendasætin þurfa að ná að þjónustubraut vallarins. Í stúkunni þarf auk sæta fyrir áhorfendur að vera, móttökusalur, sjónvarpsupptökusvæði, salerni. Jafnframt þarf að fara að huga að flóðlýsingu aðalvallarins.

### Malaravallasvæði

Útbúa löglegan sjö manna völl með grasi og klára umgjörð malarvallarsvæðisins þannig að það styðji við heildarmynd svæðisins.



## Forgangur verkefna 2014 – 2024 :

	Hvað	Hvenær lokið
1.	Samstarfssamningur við Reykjanesbæ um innra starf	mars 2014
2.	Nýtt loftræstikerfi í fimleikasal Íþróttakademíu	júní 2014
3.	Bygging búningsklefa og aðstöðu á æfingarsvæði við Reykjaneshöll	maí 2015
4.	Nýtt fimleikahús og bætt aðstaða Taekwondo	ágúst 2016
5.	Byggja geymslu við knattspyrnuvöllinn við Hringbraut	júní 2016
6.	Fjölga bekkjum niðri og setja útdraganlega bekki uppi í Íþróttahúsinu við Sunnubrautar	des 2016
7.	Bæta líkamsræktaraðstöðu í íþróttahúsinu við Sunnubraut	des 2017
8.	Samstarfssamning v/skotsvæðis. Inniaðstöðu	mars 2017
9.	Stúkubyggingu við keppnisleikvang á Sunnubraut	des 2019